

Fimmtudaginn 10. september 1992.

Nr. 331/1992. **Bæjarsjóður Ísafjarðar**

gegn

**Þrotabúi Kristínar Hálfánardóttur og
Gunnars Þórðarsonar og einkafyrirtækis
þeirra, Ísvers, Ísafirði.**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Forgangskrafa. Lögveð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. með kæru 27. júlí 1992, sem barst Hæstarétti 13. ágúst sama ár. Hann krefst þess, að aukavatnsskattur samkvæmt lið III 2 í kröfuskrá í þrotabúinu verði samþykktur sem lögveðskrafa með forgang fyrir veðkröfum í fasteigninni Sindragötu 1 á Ísafirði. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna segir: „Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, ...“ Í 5. mgr. sömu greinar er sagt: „Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.“ Ákvæði þessi, að því er varðar lögveðsréttinn, þykir eigi mega skýra rýmra en í þeim segir berum orðum, en af þeim er ekki nægilega ljóst, að lögveðsrétturinn nái til vatns, sem selt er eftir mæli.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, 30.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í þinghaldi 18. mars 1992 var rætt um að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þann, sem kærúmál þetta fjallar um, en eigi verður séð, að formleg ákvörðun hafi verið um það tekin. Endurrit úr skiptabók leiða í ljós nokkra aðra hnökra á málsmeðferð í skiptarétti. Hið sérstaka skiptaréttarmál er ekki aðgreint frá aðalmálinu með því að gefa því númer og tilgreina aðila þess. Fjárhæðar þeirrar, sem krafist er, er ekki getið. Eigi kemur fram, að sátta hafi verið leitað í málinu. Málið var skriflega flutt, án þess að séð verði, að formleg ákvörðun væri tekin um það. Samkvæmt þessu hefur verið farið nokkuð á svig við réttarfarsreglur við málsmeðferð í héraði, sbr. 109. gr., 110. gr. og 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, bæjarsjóður Ísafjarðar, greiði varnaraðila, þrotabúi Kristínar Hálfðánardóttur og Gunnars Þórðarsonar og einkafyrirtækis þeirra, Ísvers, 30.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 30. júní 1992.

Mál þetta er þannig til komið, að í skiptamálinu neitaði skiptastjóri að taka til greina kröfu bæjarsjóðs Ísafjarðar um, að aukavatnsskattur, sem Ísver, kt. 690684-0129, skuldaði, skyldi teljast forgangskrafa.

Að loknum skriflegum málflytningi 25. maí 1992 var málið tekið til flutnings. Hvað þennan þátt skiptamálsins varðar, er bæjarsjóður Ísafjarðar sóknaraðili og þrotabúið varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess, að aukavatnsskattur, sem hann krafðist að fá greiddan úr þrotabúinu, skuli samþykktur sem lögveðskrafa með forgang á veðkröfur í fasteigninni Sindragötu 1, Ísafirði. Einnig krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að hafnað verði dómkröfum sóknaraðila um, að vatnsskatturinn umdeildi verði samþykktur sem lögveðskrafa með forgang á veðkröfur í fasteigninni Sindragötu 1, Ísafirði. Hann krefst málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Málavextir eru þeir í stuttu máli, að 25. október 1991 voru varnaraðilar úrskurðaðir gjaldþrota af skiptaráðandanum á Ísafirði.

Varnaraðilar, þau hjónin Gunnar Þórðarson og Kristín Hálfánardóttir, ráku rækjuverksmiðjuna Ísver að Sindragötu 1, Ísafirði, og var hún því meðal eigna þrotabúanna.

Tryggvi Guðmundsson hdl. lýsti með bréfi, dagsettu 3. desember 1991, kröfu í þrotabú varnaraðila f. h. sóknaraðila, að fjárhæð samtals 2.916.758 kr., vegna ógreidds aukavatnsskatts fyrir 4. ársfjórðung 1989, allt árið 1990 og 1.-3. ársfjórðung 1991. Leit lögmaðurinn jafnframt svo á samkvæmt bréfi hans, að krafan væri lögveðskrafa. Þessari skoðun sóknaraðila var hafnað af hálfu skiptastjóra þrotabúanna, sbr. kröfuskrá á dskj. nr. 4, en jafnframt samþykkt, að krafan kæmist að sem almenn krafa.

Þar sem ekki náðist samkomulag milli sóknaraðila og varnaraðila, var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þennan.

— — —

Niðurstaða.

Í málinu er deilt um það, hvort svokölluðum aukavatnsskatti fylgi lögveð í þeirri eign, þar sem vatnsnotkun fer fram, eða ekki.

Í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1947 er afdráttarlaust kveðið upp úr með það, að vatnsskattur nýtur lögveðs í eign. Í Alþingistíðindum 1946 er ekki að finna, hvorki í frumvarpi, athugasemdum við það né í umræðum, neina vísbendingu um það, hvort lögveð í eign skuli bundið við þann hluta endurgjalds fyrir vatnsnotkun, sem 1. mgr. 8. gr. tekur til, eður eigi. Þar er endurgjaldið ákvarðað sem viðmiðun fasteignamatsverðs húseigna og heimilt að setja lágmark, hvort tveggja án tillits til vatnsnotkunar.

Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1947 er kveðið á um heimild til sölu vatns samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Í lok málsgreinarinnar er heimild til gjaldtöku, að nokkru með vatnsskatti og að nokkru samkvæmt vatnsmæli, eftir reglum, sem ráðherra setur. Í 3. málsgrein 8. greinar er rætt um sérstakt aukagjald, sem leggja megi á verksmiðjur, baðhús, iðnaðar-fyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 218/1972 er fjallað um vatnsskatt og tilgreint, að skatturinn miðist við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar, sbr. 1. málsgrein. Í 4. mgr. er talað um aukavatnsskatt, án þess að hugtakið sé skýrt nánar. Í 5. mgr. kemur fram sú aðalregla, að aukavatnsskattur skuli greiddur samkvæmt mældri notkun, og í 6. mgr., að sé það ekki gert, skuli vatnsveitan áætla vatnsmagn.

Í 14. gr. reglugerðarinnar er fjallað um gjalddaga og greiðslur. Þar er gerður skýr greinarmunur á vatnsskatti og aukavatnsskatti.

Í 3. mgr. 14. gr. er tiltekið sérstaklega, að vatnsskatt megi taka lögtaki, en samsvarandi ákvæði er ekki um aukavatnsskatt.

Með lögveði er rétthafa tryggður sérstaklega forgangur til innheimtu krafna sinna. Réttur hans í þessu tilviki gengur fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1947. Þá kröfu verður því að gera, að réttarheimildin sé skýr. Ljóst er, að löggjafinn notar ekki hugtakið aukavatnsskattur, enda gert ráð fyrir því, að þá sé miðað við notkun samkvæmt mæli. Í reglugerðinni er, sem fyrr segir, gert ráð fyrir mælingu á notkun eða ákvörðun vatnsveitu, þegar um aukavatnsskatt er að ræða.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að aukavatnsskattur sé ekki tryggður með lögveðsrétti í eigninni, sem vatnsnotkun fer fram í. Ber því að synja kröfu sóknaraðila, bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Málskostnaður fellur niður.

Ólafur Helgi Kjartansson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan, og hefur uppkvaðning dregist vegna mikilla embættisanna vegna undirbúnings aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdavalds 1. júlí 1992.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Synjað er kröfu bæjarsjóðs Ísafjarðar um, að aukavatnsskattur samkvæmt lið III 2 í kröfuskrá skiptastjóra verði samþykktur sem lögveðskrafa með forgang á veðkröfur í fasteigninni Sindragötu 1 á Ísafirði.

Málskostnaður fellur niður.
